

AÐALFUNDUR 2019

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

AFHENDING RANNSÓKNARSTYRKS OG HVATNINGARSTYRKJA

RANNSÓKNARSTYRKUR Í TILEFNI 100 ÁRA AFMÆLIS

Rannsóknarstyrk að upphæð 2.000.000 króna í tilefni 100 ára afmælis Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hlýtur Helga Jónsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands fyrir rannsóknina *Samráð við fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra*.

HVATNINGASTYRKIR TIL FRUMKVÖÐLA Í HJÚKRUN

Hvatningastyrk til frumkvöðla í hjúkrun á Íslandi að upphæð 500.000 krónur hver hljóta hjúkrunarfræðingarnir:

Arna Skúladóttir frumkvöðull á sviði hjúkrunar barna með svefnvandamál og foreldra þeirra.

Ásta Thoroddsen brautryðjandi í upplýsingatækni í hjúkrun á Íslandi.

Ásgeir Valur Snorrason brautryðjandi í þróun og kennslu í svæfingarhjúkrun og herminámi í kennslu hjúkrunarfræðinga.

Helga Sif Friðjónsdóttir frumkvöðull og leiðtogi í innleiðingu á hugtakinu skaðaminnkun á Íslandi, hjúkrun jaðarsettra hópa hér á landi og áhugahvetjandi samtali.

Nanna Friðriksdóttir leiðtogi og frumkvöðull í krabbameinshjúkrun á Íslandi, leiðandi í uppbyggingu náms í krabbameinshjúkrun og þróun þjónustu við fólk sem lokið hefur krabbameinsmeðferð.